

## REGLUGERÐ

### um friðun Stöðvarfjarðar vegna eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

#### 1. gr.

Frá og með 1. maí 1996 til og með 30. apríl 1997 eru allar veiðar á Stöðvarfirði bannaðar innan línu, sem dregin er frá Rastarhæl sunnan fjarðarins, í Fjarðboða og þaðan í Andarnefjuboða norðan fjarðarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er Hafrannsóknastofnuninni heimilt að stunda eða láta stunda veiðar á Stöðvarfirði í rannsóknaskyni. Þá er og þeim aðilum, sem leyfi hafa til grásleppuveiða og gera báta sína út frá Stöðvarfirði, heimilt að stunda grásleppuveiðar á firðinum.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. apríl 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*